



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 21. janúar 2019

Málsnúmer: 201901341/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Heiðar Örn Stefánsson, lögmaður Mosfellsbæjar

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skulu sveitarfélög **fyrir 1. febrúar ár hvert**, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár yfir þau störf sem ekki hafa verkfallsheimild.

Deildarstjórar og forstöðumenn hafa síðustu vikur unnið að gerð slíks lista og er hann nú lagður fram til staðfestingar.

Nauðsynlegt er að hafa samráð við viðkomandi stéttarfélög, sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna. Slíkt samráð fer fram að lokinni staðfestingu bæjarráðs og er því nauðsynlegt að bæjarráð veiti mannauðsstjóra heimild til að gera breytingar á listanum gefi athugasemdir stéttarfélaga ástæðu til.

Lagt er til að meðfylgjandi listi verði samþykktur og mannauðsstjóra falið að birta hann að höfðu samráði við viðkomandi stéttarfélög. Þá sé mannauðsstjóra heimilað að gera minniháttar breytingar á listanum sé það nauðsynlegt vegna athugasemda stéttarfélaga.

Virðingarfyllst,

Heiðar Örn Stefánsson
Lögmaður Mosfellsbæjar